

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 3. september 1965
fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

8. gr. 1. mgr. orðist svo:

Heimilt er bæjarráði að loka fyrirvaralaust heimæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum og eyða vatni að óþörfu. Bæjarráði er einnig heimilt að undangenginni aðvörun með 7 daga fyrirvara að loka fyrir vatn til þeirra er eigi greiða gjöld skv. reglugerð þessari á réttum gjalddögum. Lokunarheimild þessi gildir þó ekki, ef um er að ræða vanskil á aukagjaldi, samkvæmt 10. gr. reglugerðarinnar.

9. og 10. gr. verði ein grein, 9. gr., er orðist svo:

Vatnsskattur ákveðst þannig:

1. Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt að, sbr. 5. gr., skal greiða vatnsskatt 2% fasteignamatsverðs árlega, þó þannig, að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 300.00. Af gripahúsum, beitingaskúrum og slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 100.00.
2. Til skipa greiðast kr. 15.00 fyrir smálestina, þó aldrei minna en kr. 150.00 til fiskiskipa og kr. 300.00 til annarra skipa. Þó skal bæjarstjórn heimilt að semja um fast árgjald fyrir neyzluvatn til skipa og báta, sem gerðir eru út frá Seyðisfirði.
3. Af hverri útfluttri síldartunnu greiðast kr. 2.00.
4. Af hverjum 100 kg síldar, sem skipað er upp eða tekið á móti á annan hátt, greiðast kr. 0.70.
5. Um mæli til annarra en skipa greiðast kr. 1.50 hver smálest. Árlegt leigugjald fyrir mæli skal vera kr. 200.00.
6. Bæjarstjórn ákveður sérstakt gjald fyrir aðra notkun en að framan er talin, svo sem bílaþvottastöðvar, sláturhús o. fl.

Greinarnar 11.—16. verða 10.—15.

10. gr. orðist svo:

Nú hefur greiðsla kostnaðar við nýjar vatnsveitulagnir, ekki fengizt greidd eins og ráð er fyrir gert í 3. málslíð 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar eða greiðsla hefur ekki verið tryggð samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, og er þá bæjarstjórn heimilt að leggja á atvinnufyrirtækin aukagjald í eitt skipti fyrir öll eins og hér greinir:

1. Á síldarverksmiðjur allt að kr. 640.00 fyrir hvert mál (135 kg), sem síldarpressur eru gefnar upp fyrir frá framleiðanda, miðað við lágmarksafköst á sólarhring.
2. Á hverja síldarsöltunarstöð allt að kr. 400 000.00.
3. Á hvert hraðfrystihús allt að kr. 400.000.00. Ef rekið er á sömu fasteign síldaríðnaðar skv. 1. og 2. tl., skal gjald skv. þessum tölulíð lækka um 50%.

Gjald þetta greiðist þannig, að 40% gjaldsins greiðast fyrsta árið, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á fimm árum frá og með því ári, sem atvinnufyrirtæki er tengt eða komið í tengingarhæft ástand við hina nýju götuæð. Gjald-dagi er 1. júní ár hvert. Heimilt er bæjarstjórn að veita gjaldanda lengri gjaldfrest, enda greiði hann þá almenna innlánsvexti af eftirstöðvum gjaldsins eins og það er á hverjum tíma frá tengingu.

Gjaldfallin og ógreidd aukagjöld samkvæmt grein þessari, skulu greidd fyrir 31. des. 1966.

Verði gjöld samkvæmt grein þessari vegna nýrra fyrirtækja meira en 10% herra en þau eru við gildistöku reglugerðar þessar og sú aukning gjaldanna leiðir ekki af lögnum nýrra vatnsæða vegna atvinnufyrirtækja, skal endurskoða reglugerð þessa og lækka gjöld samkvæmt 3. og 4. tl. 9. gr. til samræmis við þann tekjuauka, sem reynist umfram áður nefnd 10%.

11. gr. orðist svo:

Bæjarstjórn getur ákveðið að hækka eða lækka gjöld skv. 9. gr. um allt að 50%.

12. gr. 1. mgr. 3. tl. orðist svo:

Vatnsskattur skv. 3. og 4. tl. 9. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings.

12. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vatnsskatt og aukagjald má taka lögtaki, og eru þau tryggð með lögveði í eignum gjaldanda með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 2. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1966.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.